

Erindi DÍS á ráðstefnu um velferð dýra, Hvanneyri 23. febrúar 2015

Dýraverndarsamband Íslands var stofnað árið 1914 að frumkvæði konu, Ingunnar Einarsdóttur frá Bjarmalandi. Hún stofnaði ekki félagið sjálf, heldur leitaði fulltingis karlanna til þess – enda ekki kvenmannsverk á þeim tíma að stofna félag.

Á fyrstu árunum voru ábúðafullir þrúðbúnir menn á efri árum áberandi á myndum af stjórn félagsins, en lítið sem ekkert fór fyrir konum, en þetta lýsir að nokkru tíðarandanum.

Ári eftir stofnun félagsins litu ný lög um vernd dýra ljós. Það voru forvígismenn félagsins sem skrifuðu lögina og þau voru samþykkt á Alþingi lítið breytt. Grein var til í hegningalögum áður, um refsingu fyrir illa meðferð dýra, svo orðuð: „refsa mátti manni fyrir þrælslega misþyrmingu eða aðra grimmdarfulla meðferð á skepnum, einkum húsdýrum.“ Þessu var sjaldan beitt, eftir því sem heimildir gegna.

En árið 1915 voru þarna í fyrsta sinn sett heildstæð lög í þágu dýra. Síðan þetta var hefur félagið ætíð komið að vinnu við lagagerð og iðulega einnig átt frumkvæði að slíku.

Sem dæmi um slíkt frumkvæði má nefna harða baráttu félagsins á þriðja áratug síðustu aldar við að sett yrði í lög að deyfa skyldi hesta og nautgripi við geldingu. Það tíðkaðist að gelda ódeyft með fellingum, bindingum og handafli sterkra manna, sem sátu á dýrunum og héldu. Þetta mál tók langan tíma að vinna, en loks kom að því að Alþingi setti lögina.

Einnig barðist félagið fyrir því að hálsskurður dýra yrði bannaður sem aðferð við aflífun, en orðið blóðvöllur er dregið af því hvernig staðið var að aflífun á þessum tíma og lýsir því ágætlega. Ekki var þá um að ræða sérstök sláturhús, eins og nú er, en fé var rekið heim í þorp og einfaldlega skorið þar. Margt hefur breyst síðan þetta var.

Tímarit félagsins, Dýraverndarinn, gerði mikið gagn til að ná til almennings um málefni dýra og til að koma upplýsingum til fólks. Það var mjög vinsælt og kom út í hartnær sjö áratugi, en félagið hóf útgáfu aftur fyrir fáeinum árum og gefur út eitt tölublað á ári.

Almenningur lætur sig enda varða málefni dýravelferðar og hefur ætíð gert það, en með misjafnri virkni og áherslu. Það getur einnig átt sambengi við almennt ástand í samfélaginu, en velsæld og vellíðan fólks leiðir til meiri áhuga

og hjálpsemi á meðan vansæld og kreppa lokar almennt á dekur við málefnavinnu, enda getur lífsbaráttan verið hörð.

Það gildi þó áður og gildir enn í dag að vernd dýra frá illri meðferð er málefni sem allur almenningur verður að láta sig varða. Velferð dýra er samfélagsmál, svipað og barnavernd, enda eru dýr minni máttar og þurfa vernd frá illri meðferð og vanhirðu.

Margt hefur breyst í samtalinu um málefni dýra, meðal annars er þetta orðalag um velferð dýra nýlegt, en áður tíðkaðist eingöngu að tala um vernd dýra.

Meiri breidd er í samtalinu í dag og ýmsar stefnur má finna. Sumir eru á þeirri skoðun að menn ættu hvorki að halda dýr né neyta afurða af þeim, jafnvel að dýr eigi að eiga sama rétt og menn. Þetta getur líka þýtt að glæpsamlegt þyki að halda selskapsdýr eins og hunda eða ketti, þar eð þá séum við að nota dýrin í okkar þágu. Margir gerast grænmetisætur af siðferðisástæðum, en áður var það oft aðallega af heilsufarsástæðum.

Annað dæmi um sérstaka baráttu af siðrænum toga, er aflagning dýrahalds til þess að vinna loðfeldi, en mörg lönd í Evrópu sem við miðum okkur við, hafa ýmist bannað loðdýrahald með siðrænum ástæðum, eða þrengt svo reglugerðir og kröfur til greinarinnar að hún færir sig til annarra landa, m.a. hingað.

Sem betur fer tala fáir í dag um það að ekki skipti máli hvernig við förum með dýr eða hvernig þeim líði – að minnsta kosti ekki opinberlega.

Það eru þó alltaf þegar upp er staðið, verkin sem tala í þessum efnum.

Dýraverndarsambandið eitt af þeim félögum sem vinnur samkvæmt þeirri stefnu að tala fyrir góðri meðferð dýra, óháð því í hvaða tilgangi þau eru haldin. Félagið tekur því ekki þátt í siðrænni eða heimspekilegri rökræðu um rétt dýra umfram það, að við ættum að sýna þeim tillitsemi virðingu og ábyrgð, hvar sem við komum að þeirra umhverfi eða höldum þau.

Við tölum fyrir þrem aðskildum málaflokkum: villtra dýra, búfjár og svo selskapsdýra, en hver þessa flokka hefur sína áherslu og þarfir.

Í málefnum villtra dýra verður ætíð að sýna tillit við alla umgengni um umhverfi þeirra – raunar er ekki hægt að fjalla um náttúruna, eða náttúruvernd, án þess að málefni villtra dýra komi þar við sögu.

Hér má einnig nefna veiðar á villtum dýrum, að veiðiaðferðir séu mannúðlegar

og dauðdaginn skjóttur, að önnur dýr beri ekki skaða af veiðunum og að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi. Tvö dæmi má nefna um það sem betur þarf að fara í málefnum villtra dýra; veiðitímabil hreindýrskúa leiðir til þess að síðbornir kálfar þurrkast stundum upp og drepast. Það er dapurlegur dauðdagi og óþarfur, en veiðitímabil kúa bæði í Noregi og á Grænlandi hefst seinna en hér – svo ekki eru það veðurskilyrðin sem ráða þessu. Hitt dæmið er um rannsókn á dauðatíma hvala við veiðar, en við köllum eftir því að niðurstöður þeirra verði birtar, enda er það eðlilegur hluti af samtali í upplýstu samfélagi að slíkar upplýsingar liggi fyrir og séu ekki duldar.

Hvað selskapsdýr varðar telur félagið áriðandi að ábyrgð dýraeigenda sé brýnd, að þeir kunni almennt skil á þörfum og eðli dýra sinna, en einnig að samfélagið geri betur ráð fyrir þessum dýrum. Sérstök ráðstefna verður væntanlega haldin þegar reglugerð um velferð selskapsdýra verður birt og þá fjallað nánar um þeirra málefni.

Um búfé gildir almennt hið sama, við teljum í grundvallaratriðum áriðandi að virðing sé borin fyrir þeim sem skyni gæddum verum, að ábyrgð og tillitsemi sé höfð að leiðarljósi við alla umhirðu og meðferð á þeim.

Þetta getur virst sjálfsagt mál þegar þetta er sagt svona fram, en þetta er alls ekki sjálfsagt mál, heldur samtali sem æ þarf að halda á lofti.

Langflestir dýraeigendur fara vel eða þökkalega með sín dýr af innsæi einu – við vitum vel að þau finna fyrir ótta og sársauka á sama hátt og við sjálf – og þá er ekki langt í eðlilega tillitsemi hjá hinum eðlilega manni.

Samt sem áður hefur tíðarandinn og áherslur hans einnig alltaf mikil áhrif og hluti af því er öflugt og feimnislaust samtali um velferð dýra.

Dýraverndarsamband Íslands á sér þannig langa sögu í íslensku samfélagi sem rödd þeirra sem ekki hafa hana. Félagi tekur til varna fyrir málleysingja. Til þess að samtalið geti borið árangur verður það að vera hófstíllt og kurteist, nóg tekur það samt á.

Við leggjum áherslu á upplýsingu fyrst og fremst, og einnig samvinnu við hverja þá sem vilja leggja málefni dýra lið í þessum anda.

Við hvetjum því alla þá sem vilja láta sig þetta málefni varða, til að ganga í félagið og taka þátt í félagslegu samtali um velferð dýra.

Jafnframt þessu lítum við svo á að málefni og velferð dýra sé ekki einkamál

neinna til umfjöllunar, hvorki fagfólks sem vinnur að málefnum dýra, né bænda eða annarra sem lífsviðurværi sitt hafa af vinnu við dýr, heldur málefni alls samfélagsins, einmitt með svipuðum hætti og barnavernd. Allir ættu að eiga hlut að þessu samtali, lögmenn og hjúkkur, bílstjórar og kokkar og svo mætti telja – því samvinna allra, fagmanna, bænda og svo okkar hinna, er auðvitað farsælast og vitlegast.

Það er tvímælalaus bæting með nýju lögunum um velferð dýra sem tóku gildi í fyrra.

Nýmæli þar sem máli skipta eru til dæmis skilgreining á dýrum sem skyni gæddum verum. Dýr eiga rétt, sem þau sjálf, á góðri meðferð.

Nú er refsað fyrir að skaða dýr af því það hafi gildi í sjálfu sér, áður var refsað fyrir að valda skaða á eign annars manns, dýrið var þá eignin, en skipti ekki endilega máli sem það sjálft.

Réttur dýra til eðlilegs atferlis er einnig mikilvæg bæting í nýju lögunum og ætti að eiga sér stoð í reglugerðum, en það er mjög misjöfn útkoma hvað það varðar milli reglugerðan um velferð hinna ýmsu búfjártegunda.

Jafnframt er mikilvæg bæting falin í skýrari úrræðum og heimildum til inngripa þegar meðferð eða umhirðu dýra er ábótavant.

Hitt er annað mál að eftirlit og eftirfylgni með velferð dýra kostar fé. Nú þegar má sjá merki þess að málaflokkurinn er sveltur. Það er grafalvarlegt mál og þarf að bæta úr því. Eitt dæmi um þetta er vandræðagangurinn við að halda úti dýralæknaþjónustu um landið.

Lögleiðing drekkingar minka með nýju lögunum, er svartur blettur í sögu samskipta manna og dýra á Íslandi og vonandi að lögleiðing þessarar aflífunaaðferðar á einni dýrategund, sem leiðir til refsingar sé henni beitt á allar aðrar dýrategundir, verði leiðrétt sem fyrst. Þetta er vandræðaleg lausn sem þarna hefur verið gripið til – í sparnaðarskyni – og ekki sæmandi siðuðu samfélagi, eiginlega hálfgerð tímaskekkja.

Það er auðvitað óumdeilt að minkurinn veldur ýmsum skaða bæði í vistkerfum og hjá húsdýrum, einkum fuglum, en hitt liggur einnig fyrir að minkurinn var fluttur hingað inn af okkur og við berum ábyrgð á veru hans hér. Við verðum að axla hana. Felligildirur kosta að sönnu meira í rekstri, en þær verðum við samt að velja að lokum, vegna þess hversu ómannúðleg drekking er sem aflífunaaðferð. Ég minni á að maður fékk dóm fyrir að aflífa hund með

drekkingu fyrir nokkrum árum, af þessari ástæðu.

Eitt er það sem vantar í allar reglugerðirnar nýju og sem við fórum fram á að væri í þeim öllum: það eru skýr ákvæði um brunavarnir. Þegar leitað er í skjölunum eftir orðinu „brunavarnir“ þá kemur hreinlega ekkert upp. Þó er hér um að ræða lifandi verur sem haldnar eru í húsum sem þær eiga ekki möguleika á að yfirgefa við eldsvoða. Hvað veldur því að þessu var ekki sinnt? Við förum fram á það að ráðherra setji reglugerð um brunavarnir og viðbragðsáætlanir vegna gripahúsa sem fyrst.

Við viljum að rannsóknir liggi að baki ákvörðunum um aðbúnað dýra, reglugerðum og lögum, ekki geðþótti eða skoðanir um málefni dýra.

Við lögðum til dæmis til við reglugerð um alifugla, að stuðst yrði við rannsókn ESB á velferð alifugla. Rannsóknin leiddi í ljós að mörkin við 25 kg/fm hafði ótvíræð áhrif á líðan og heilsufar fuglanna – það er auknari þéttleiki sem leiðir til vanda. Við teljum hiklaust að Ísland ætti og gæti verið í fararbroddi hvað velferð dýra varðar og við teljum einnig að kjöt eigi að kosta það sem það kostar að halda dýr sómsamlega – hér skiptir upplýsing neytandans miklu máli. Hinn almenni neytandi á rétt á því að geta kynnt sér velferð, uppeldi og aðbúnað þeirra dýra sem hann neytir afurða af.

Annað sem nefna má hvað alifugla varðar er krafa okkar um að egg verði merkt eftir framleiðsluaðferð, eins og tíðkast víða í Evrópu. Þetta er að okkar mati sjálfsagt mál. Einn versti aðbúnaður sem íslenskt búfé býr við í dag, er sá aðbúnaður sem egghænur þurfa að þola fjórar saman í litlum búrum, alla sína ævi. Þar á sú illa vist sem neðst er í goggunarröðinni, en hinar líka. Þetta ætti að vera löngu aflagt. Fólk sem hefur séð til þessa dýra veit það, en fæstir fá að sjá þarna inn.

Að ýmsu leit er þannig búið að taka frá almenningi að geta kynnt sér vel og haft umsögn um aðbúnað dýra. Einnig má nefna að reglugerðirnar um velferð dýra voru ekki kynntar eða birtar almenningi til umsagnar eins og rík hefð er fyrir að gera almennt um lög og reglur. Svör ráðuneytisins voru þau að reglugerðirnar væru það tæknilegar og sértækar að þær ættu ekki erindi til almennings, en þetta þýðir auðvitað að hér er einnig sagt að almenningi komi ekki aðbúnaður dýra við – sem er alrangt. Hvað veldur slíkri veigrun?

Hestar fara almennt vel út úr hinum nýju reglugerðum, þar má nefna bann við notkun á bogamélum með vogarstangarafli í keppni. Þessi mál þrýsta beint á bein í kjálka; hér er bókstaflega stýrt með sársaukastjórnun. Þetta er dapurlegt dæmi um þróun þar sem hagsmunir verða velferð dýra yfirsterkari og sýnir vel hversu áriðandi það er að fylgjast með þessum málum og þrýsta á að til betri vegar verði fært. Hér varð hið rétta ofar.

Það er sérkennilegt dæmi um það hvernig gert er upp á milli dýrategunda að nautgripir sem eru 350 kg skulu hafa 2 fermetra rými á húsi, en hestar sem vega yfirleitt um það bil það sama, skulu hafa 4 fermetra. Engin rök hníga að þessu önnur en þau að hér fær ein tegund dýra auknari rétt til rýmis en önnur.

Einungis var tekið tillit til athugasemda Dýraverndarsambandið um að kenna og temja dýrum aðeins með jákvæðri styrkingu (ekki þvingun/refsingum) í tveim af reglugerðunum, það er reglugerðinni um sauðfé og um svín. Við lögðum þetta til með þeim öllum og það er undrunarefni að það skuli einungis hafa náð í gegn þarna, sérstaklega þar sem tilmæli um samkvæmni á milli forma og uppbyggingar reglugerðanna var áhersla ráðuneytisins. En auðvitað ætti að temja og þjálfra dýr sem mest undir formerkjum jákvæðrar styrkingar. Þetta er eitt dæmi um framþróun og nýjustu upplýsingar, sem náðu þó ekki í gegn hér – nema við tamingu á sauðfé og svínum!

Hvað svín varðar, þá er það bæting að ekki er lengur beinlínis bannað að hleypa þeim út. En hinsvegar erum við mjög vonsvikin með þá breytingu að gyltur megi halda föstum í gotstíum mun lengur en lagt var upp með. Í tillögum hópsins var lagt til að halda mætti þær sjö daga fyrir got og sjö eftir en því hefur verið breytt í sjö daga fyrir og tuttúu og átta daga eftir got. Það er dýrunum þungbært að standa svo lengi í sömu sporum, svo ekki sé minnst á að gylturnar eru sviptar hinu eðlilega atferli að sinna grísunum sínum. Dýr líða fyrir að fá ekki að hreyfa sig, það er þess vegna sem básar eru núna bannaðir í hesthúsum og verða bannaðir í fjósum. Ef vandamál tengt því að gyltur leggjast ofan á grísi eða skaði þá vegna streitu eða af öðrum orsökum, er verulegt, verður að tengja það við aðbúnað dýranna og endurtaka þá kröfu að kjöt verður að kosta það sem það kostar að búa vel að dýrum. Aðlögunarfrestur fram til 2025 til að halda svín varanlega í básum séu þeir 90 cm á breidd er einnig andstætt dýravelferð.

Þauleldi dýra skilgreinir DÍS sem framleiðslu þar sem velferð dýra er fórnað fyrir háþörfun nytja. Almennt vandamál er við þauleldi að aðbúnaður eða meðhöndlun valdi vandamálum, til dæmis goggun eða halabiti. En í stað þess að leysa vandan með því að bæta úr umhverfi dýranna svo að hin óæskilega hegðun hverfi, er vandinn leystur með því að sníða dýrin til. Er það í samræmi við lög um velferð dýra?

Í þessu samhengi verður að nefna að nauðsynlegt er að ráðherra noti þá heimild sem er í lögum um að setja bann við innflutningi á landbúnaðarvörum sem eru framleiddar við lægra eða verra velferðarstig en er gert hér. Foi gras, er til dæmis selt hér, sem er framleitt með aðferð sem aldrei yrði leyfð hér og er byggð á hreinum pyntingum, þar sem mat er þvingað ofan í fugla. Einnig má nefna kosher-slátrun, þar sem gerð er krafa um að dýr séu með fullri meðvitund þegar þau eru blóðguð – þessar afurðir má selja víða í Evrópu og með vottun um að dýrin séu aflífuð með hálsskurði við fulla meðvitund, allt í þágu trúarbragðasjónarmiða. Í sjálfu sér er ekkert sem bannar að flytja slíkar afurðir hingað inn og selja hér á landi á meðan slík reglugerð er ekki fyrir hendi.

Það er áriðandi að þeir sem eiga að starfa í samræmi við íslensk lög um velferð dýra, við framleiðslu á landbúnaðarafurðum, þurfi ekki að búa við samkeppni við afurðir sem eru framleiddar við verri velferð og þá minni tilkostnað – liggur það annars ekki í augum uppi? Við skorum á ráðherra að setja þessa reglugerð sem fyrst, þannig að tryggt sé að íslenskir neytendur séu ekki narraðir til að kaupa afurðir af dýrum sem hafa lifað við aðbúnað sem við myndum aldrei taka gildan hér.

Í þessu ljósi má einnig skoða þá áherslu sem er á velferð dýra við kennslu í háskólaumhverfinu. Við nám í náttúrufræði er kúrs sem heitir siðfræði náttúrunnar. Er slíkur kúrs skylda hér í LBHÍ um búfénað? Auðvitað ætti rík áhersla að vera á kennslu sem miðar að aukinni velferð búfjár, ekki bara aukinni framleiðni. Við skorum á háskólasamfélagið að snúast á sveif með lögum um velferð dýra og taka upp slíkar áherslur.

Þetta er allt hluti af samtalinu, af tíðarandanum, af stefnunni sem við tökum. Við verðum öll að leggja okkar af mörkum í þágu dýra.

Hallgerður Hauksdóttir
formaður Dýraverndarsambands Íslands.